

AUGLÝSING

um deiliskipulag íbúðasvæðis í Garðahrauni við Álftanesveg í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt deiliskipulag íbúðasvæðis í Garðahrauni við Álftanesveg. Svæðið afmarkast af Herjólfsgötu að vestanverðu, af Engidal að austanverðu, af bæjarmörkum við Hafnarfjörð að sunnanverðu og af fyrirhuguðum nýjum Álftanesvegi að norðanverðu.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagið öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 9. nóvember 2003.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Iðnaðarsvæði austan Reykjavíkurveggar“ vegna Reykjavíkurveggar 76, 78 og 80 í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 21. ágúst 2003 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Iðnaðarsvæði austan Reykjavíkurveggar“ vegna Reykjavíkurveggar 76, 78 og 80 í Hafnarfirði. Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar, 7. nóvember 2003.

Lilja Grétarsdóttir arkitekt.

AUGLÝSING

um umferð á Djúpavogi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu sveitarstjórnar Djúpavogshrepps eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Djúpavogi:

1. Biðskylda verði á Markarlandi gagnvart Víkurlandi.
2. Biðskylda verði á Mörk gagnvart Víkurlandi.
3. Biðskylda verði á „bakvegi“ inn í þorpið gagnvart Víkurlandi.
4. Gangbrautarkerkjum verði komið fyrir við Markarland 6, Markarland 11, við Löngubúð og við Borgarland 13.

Ákvörðun þessi tekur nú þegar gildi.

Lögreglustjórnin á Eskifirði, 4. nóvember 2003.

Inger L. Jónsdóttir.